

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, fjölgun íbúða og breytt samsetning húsgerða, Rjúpnahæð vesturhluti.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. maí 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að íbúðum á 16 ha íbúðarsvæði er fjölgað úr 120 íbúðum í 161 íbúð. Þéttleiki byggðar eykst úr 9 íbúðum/ha í um 11 íbúðir/ha. Jafnframt er í greinargerð tilgreind nánari skipting íbúða í húsgerðir.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 486/2011 um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, fjölgun íbúða og breytt samsetning húsgerða, Smalaholti.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 19. maí 2011.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*